

Frjáls Palestína?
70 ár af átökum fyrir botni Miðjarðarhafs

Nazima Kristín Tamimi

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði
Leiðbeinandi: Kristján Þór Sigurðsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla

Febrúar 2019

Ágrip

Hugmynd að ríkinu Ísrael kom fram í kringum árið 1920. Með loforði um viðurkenningu innfæddra Palestínumanna varð sú hugmynd að veruleika og ríkið Ísrael leit dagsins ljós árið 1948. 70 árum, mörgum stríðum og uppreisnum seinna berjast Palestínumenn enn fyrir þeirri viðurkenningu sem þeim var lofað á meðan ríkið Ísrael er alþjóðlega viðurkennt. „Græna línán“ var strikuð á landakort til að afmarka svæði Ísraels og yfirráðasvæði Palestínumanna en í gegnum tíðina hefur Ísraelsríki átt mörg landamæri þar sem Ísrael hefur fært línuna til, sér í hag. Aðskilnaðarvegg hefur verið komið fyrir meðfram grænu línunni en þó innan hennar á palestínsku umráðasvæðinu og þar af leiðandi hefur umsamið svæði Palestínumanna minnkað og svæði Ísrael stækkað. Veggurinn sem skilur að fjölskyldur, þorp, bæi og landareignir hefur verið dæmdur ólöglegur samkvæmt alþjóðalögum en er enn í framkvæmd og hefur staðið síðan 2003. Í dag búa tvær ólíkar þjóðir innan sama ríkis sem að hluta til viðurkenna ekki hvor aðra, en geta stjórnvöld annarra landa viðurkennt ríki annarrar þjóðar en ekki hinnar? Er hægt að viðurkenna Ísrael sem ríki ef ítrekað er verið að færa landamæri þess? Er til lausn á stöðugum átökum á svæðinu við botn Miðjarðarhafs? Er tveggja ríkja lausn alvöru lausn, eða mun hún aldrei verða að veruleika? Er Ísrael aðskilnaðarríki?

Í þessari ritgerð mun ég fara í gegnum sögu stofnunar Ísraelsríkis og velta þessum spurningum fyrir mér.

Abstract

The idea of the state of Israel came about 1920. With the promise of recognition of the indigenous Palestinians, the idea became a reality and the State of Israel was created in 1948. 70 years, many wars and uprisings later the Palestinians still have to fight for the recognition they were promised, meanwhile the state of Israel is recognized internationally. The "Green line" was marked on a map to define the area of Israel and the Palestinian territories but Israel has over the years moved the defining border of Israel, in their favour. A separation wall has been built along the green line, although within the Palestinian territory and consequently, the agreed area of Palestine had decreased, and the region of Israel has been expanded. The wall, that separates families, villages, towns and lands has been sentenced as illegal under international law, but constructions are continuing and has been since 2003. Today, as the two different nations live within the same state and do not generally recognize each other, how can governments of other states recognize one state but not the other? Is it possible to recognize Israel as a state if it repeatedly moves its borders? Is there a solution to the constant conflict at the eastern shores of the Mediterranean? Is a two-state solution a real solution, or will it never become a reality? Is Israel an apartheid state? In this essay, I will review the history of the history of the state of Israel and answers these questions.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1 Kenningar og hugtök.....	5
1.1 Sögulegt samhengi / Ísrael eftir seinni heimstyrjöld / Al-Nakba	5
1.2 Þjóðríki / Þjóðernishyggja / Síonismi	9
1.3 Landamæri / Mörk / Græna línan / Gaza	11
2. Aðskilnaðarstefna (Apartheid) / Aðskilnaðarríkið Ísrael (Samanburður við S-Afríku) / Aðskilnaðarmúrinn	Error! Bookmark not defined.
3. BDS	22
4. Lokaorð	26

Inngangur

Palestína er mitt annað heimaland og hafa málefni þess verið algengt umræðuefni á heimili foreldra minna frá því ég var barn. Mín fyrsta minning af Palestínu var þegar ég var um það bil fimm ára og sat í stofu ömmu minnar í Breiðholti og horfði á biblíumyndir á spólum í myndbandstækinu hennar. Ég vissi að Jesús fæddist í Palestínu, alveg eins og pabbi minn og pabbi hlaut að vera skyldur honum. Eftir því sem ég eldist og fór sjálf að afla mér upplýsingar um landið man ég eftir að eiga samræður við mömmu um æsku hennar í sveit. Eins og svo margir Íslendingar á þessum tíma fékk hún epli og appelsínur einungis á jólunum og það sem hún man mjög vel eftir að appelsínurnar voru frá Jaffa, borg í Palestínu. Þetta var skemmtileg tilviljun, þar sem að rúmum 20 árum seinna myndi hún giftast Palestínumanni.

Sakleysislegt álit mitt á heiminum dofnaði smám saman eftir því sem ég fór að horfa meira á fréttir og opna augun fyrir öllum þeim átökum sem voru að gerast í heiminum. Myndband af föður sem skýldi syni sínum í skothríð á milli palestínskra og ísraelskra öryggissveita á Gaza ströndinni árið 2000 í seinni *intifada* (uppreisn), brenndi mynd í huga á mér, mynd af þeim hryllingi sem gekk á og sem ég mun aldrei gleyma. Sonurinn, Muhammad al-Durrah, lét lífið aðeins 12 ára gamall. Árið 2018 voru 70 ár síðan Ísraelsríki var stofnað og þar að leiðandi jafnmörg ár síðan hörmungar Palestínumanna byrjuðu. Það sem af er árinu 2018 hafa um 900 manns á Gaza látið lífið í mótmælum vegna þess og vegna krafna um að flóttamenn fái að snúa til baka til landsins sín. Það blóðbað sem hefur átt sér stað í meira en hálfa öld er ekkert annað en þjóðarmorð sem hefur verið framið fyrir augum almennings. En þrátt fyrir það stendur alþjóðasamfélagið aðgerðarlaust hjá og horfir á líf þúsunda Palestínumanna hverfa dag frá degi. Frá því að ísraelsku mannréttindasamtökin B'Tselem hófu skráningu á dauðsföllum Ísraels og Palestínumanna árið 2000, hafa um 7000 Palestínumenn látið lífið í átökum, það gera um 400 manns ár ári. Sú tala er yfirþyrmandi sorgleg og ljóst er að þörf er á samstöðu alþjóðasamfélagsins með Palestínumönnum. Ég tek innblástur fyrir ritgerðina mína af öllum þeim mannlífum sem hafa verið tekin á þessu svæði síðustu 70 árin. Ég tek innblástur af öllum mikilvægum minjum sem hafa horfið og eyðilagst í átökunum og síðast en ekki síst, innblástur af pabba mínum sem á ekki viðurkennt heimaland.

1.0 Kenningar og hugtök

1.1 Sögulegt samhengi

Árið 1917 skrifaði utanríkisráðherra Bretlands Arthur Balfour bréf til Lionel Rothschild, baróns, þar sem hann óskaði eftir því að gera breska umráðasvæðið Palestínu að heimalandi gyðinga. Með virðingu við þá sem bjuggu þar, hvort sem þeir væru gyðingar eða ekki, fór Balfour yfirlýsingin fram á það að þeim sem byggju þar fyrir yrði ekki mismunað á trúarlegan, samfélagslegan né pólitískan hátt. Á sama tíma og Balfour skrifaði Rothschild var samningur gerður á milli Bretlands og Frakklands þar sem ákveðið var hvaða landsvæði í Vestur-Asíu yrðu skipt á milli þeirra. Með þessu myndi Ottómanveldið verða lagt af (Posner, 2017).

Chaim Weizman var leiðtogi sionistahreyfingarinnar í Bretlandi (sionismi verður útskýrður í hluta 1.2). Hann var fæddur í Hvíta-Rússlandi, menntaði sig í Þýskalandi og Sviss og flutti svo til Bretlands þar sem hann hitti mann að nafni Charles Dreyfus. Dreyfus var einnig sionisti og var stofnandi efnafyrirtækis sem hann réði Weizman í. Þar sem Weizman var efnafræðingur spilaði hann stórt hlutverk í fyrri heimsstyrjöldinni þar sem hann hafði fundið upp aðferð til framleiðslu á asetón (lakkhreinsi) sem breski herinn notaði í stríðinu. Seinna þakkaði Winston Churchill, þáverandi yfirmaður konunglega breska sjóhersins, Weizman fyrir þjónustuna og bauð honum að verða heiðraður. Weizmann sagðist ekki vilja neitt fyrir sig sjálfan, heldur vildi hann eitthvað fyrir þjóð sína (Posner, 2017). Þessi saga mætti teljast sem gróf útskýring á upphafi Balfour yfirlýsingarinnar en Posner segir í grein sinni að gyðingar gætu þakkað Weizman fyrir að hafa gert Ísrael að veruleika. Á sama tíma var Bretland að lofa öðrum ríkjum landsvæði Palestínu. Nýlendustjóri Egyptalands, Sir Henry McMahon, lofaði Emir Hussein, sahrif í Mekka sjálfstæðu arabísku ríki á fyrrum stríðssvæðum og seinna var Frökkum svo lofað skiptingu landsvæðis á milli þeirra og Bretlands, á svæði fyrrum Ottómanveldisins, sem yrði stjórnað samkvæmt alþjóðalögum (Posner, 2017).

Sá helsti sem var á móti Balfour yfirlýsingunni, og fólksflutningum gyðinga til Palestínu, var Curzon lávarður. Hann sagði að með flutningi gyðinga til Palestínu myndu innfæddir arabar verða landflótta og það væri í andstöðu við opinberar reglur sem undirskriftaraðilar yfirlýsingarinnar höfðu sett fram. Leiðtogar arabalanda voru ekki mótfallnir hugmyndinni um að gyðingar fengu land í Palestínu undir bresku verndarsvæði, ef

Þess væri gætt að hagsmunir araba yrðu ekki skaðaðir, en sonur sharifsins af Mekka skrifaði undir samninginn árið 1918. Þar þakkaði hann sionistum fyrir hjálpina við að stofna arabískt sambandsríki á friðarráðstefnunni í París árið 1919 (Posner, 2017). Nokkuð ljóst er að arabar í Palestínu voru sviknir þar sem uppþot urðu árið 1920 í Jerúsalem undir yfirskriftinni að gyðingar væru ekki velkomnir í Palestínu. En Balfour yfirlýsing var skjalfest og það var ekkert sem mótlæti araba myndi geta gert til að sporna við því, ríki Ísraels yrði að veruleika (Posner, 2017).

Ísrael eftir seinni heimsstyrjöldina

Seinni heimsstyrjöldin spilar stórt hlutverk í sögu baráttu landsins en kerfisbundnar ofsóknir á gyðingum í stríðinu gerði það að verkum að ríkið Ísrael varð að veruleika. Í gegnum tíðina hafa gyðingar verið ofsóttir en í seinni heimsstyrjöldinni létu margir gyðingar lífið og einkenndist stríðið í Evrópu af valdabrölti, nasisma og markvissum ofsóknum á gyðingum og þjóðernishreinsunum. Kerfisbundinn aðskilnaður á gyðingum hófst árið eftir innrás Þýskalands í Pólland og búin voru til svokölluð *gettó* þar sem pólskir gyðingar voru fluttir til Þýskalands með það að markmiði að aðskilja gyðinga frá öðrum íbúum ríkisins. Þessi hverfi voru umsetin hermönnum, maturinn var af skornum skammti og vatnsbirgðir litlar (Gellately 2007). Sionismi hafði vissulega verið til fyrir seinni heimsstyrjöldina en oft er helförin stimpluð sem lokahnykkur á þjáningum gyðinga og eftir heimsstyrjöldina fóru gyðingar í kjölfarið að streyma til nýja heimalandsins, Ísrael. En landið var ekki tómt, heldur bjuggu þar innfæddir arabar, bændur og landeigendur sem sviptir voru svæðum sínum af sionískum landnemunum og tóku að berjast gegn sionistahreyfingunni. Lokamarkmið hreyfingarinnar var að fá ríki fyrir gyðinga þar sem þeir gátu loks hvílst eftir ofsóknir seinni heimsstyrjaldarinnar og myndu þeir útiloka arabana, því ekkert gat staðið í veg fyrir nýtt heimaland gyðinga. Með Balfour yfirlýsinguna að vopni var ekkert sem gat stöðvað þá (Bornstein, 2002).

Fyrir stríðið árið 1967 einkenndust fyrstu ár Ísrael af mikilli samheldni og sameiginlegum gildum. Eftir stríðið 1967 hófst tímabil róttækra breytinga, efnahagslegs vaxtar sem og stækkunar á landhelgi sem fylgdi stríðinu. Í stríðinu náði Ísrael einnig að sölsa undir sig yfirráð á Vesturbakkanum og setti þar upp á víð og dreif bústaði þar sem gyðingar gætu iðkað trú sína og þar með myndu fleiri gyðingar smátt og smátt færast inn á herteknu svæðin. Seinna náðu þeir svo Gaza ströndinni (Kaplan, 2005). Á undan stofnun Ísraelsríkis var til pólitísk stefna sem kallaðist Labour Zionists og einbeitti hún sér að landbúnaði og

uppbyggingu landsins. Þessi hreyfing kom meðal annars á fót stéttarfélögum og félagsþjónustu fyrir þá gyðinga sem komu frá Evrópu til að setjast að í Palestínu. Þessir gyðingar voru mikilvægir fyrir sionisma og aðhylltust þeir kibbútisma sem starfrækti samyrkjubú. Með hjálp þeirra gætu sionistar komist yfir meira land. Bændurnir fengu gríðarlegan styrk frá sionistahreyfingunni og notuðust sionistarnir meðal annars við ímynd þeirra til að auglýsa stofnun Ísraelsríkis út í heimi og auka stuðning við landbúnaðarríkið Ísrael. Nýlenduverkefni sionista einkenndist af því að setja upp bústaði þar sem bændurnir myndu snúa sér frá uppbyggingu landbúnaðarins eins og það hafði fyrst iðkað, til iðnreksturs og í kjölfar þess myndu byggjast upp landnemabyggðir innan herteknu svæðanna. Með þessu myndi landhelgi Ísrael stækka að því marki sem hið fyrra (forna) ríki gyðinga stóð (Kaplan, 2005).

Ze'ev Jabotinsky var stofnandi endurskoðunarhreyfingarinnar árið 1920, sem var einn armur sionistahreyfingarinnar. Stefna endurskoðunarhreyfingarinnar var meðal annars yfirráð yfir öllu yfirráðasvæði Breta sem náði yfir það sem í dag er Ísrael, Gaza, Vesturbakkinn og Jórdanía og að gera það svæði að ríki gyðinga (Kaplan, 2005). Hreyfingin gaf út rit til að koma áróðri sínum áfram og vegna þess var hún öflugt pólitískt valdataeki. Jabotinsky gaf út þá yfirlýsingu árið 1928 að fyrsta markmið sionista væri að sjá til þess að meirihluti gyðinga yrði beggja megin við ána Jórdan en einnig þyrfti að styrkja stoðirnar þrjár í gyðingdómi; gyðinga, tungumál gyðinga og land gyðinga, en án þessara þriggja stoða væri ekki hægt að koma á fót nýlenduverkefni sionista (Kaplan, 2005). En endurskoðunarhreyfingin tók ekki þátt í þess konar samfélagslegum verkefnum heldur taldi hún að eina markmið sionista væri að herinn næði nægu valdi til að hertaka allt landið (Kaplan, 2005).

Hægri flokkar Ísraels fengu tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd eftir sex daga stríðið árið 1967 og eftir að herskyldu var komið á fót í Ísrael. Hreyfingin *Stór Ísrael*, sem stuðlaði að byggingu landnemabyggða á palestínsku landsvæðunum, kom upp fyrstu landnemabyggðunum í borginni Hebron og öðrum stöðum innan herteknu landsvæðanna. Seinna þegar stjórnmalaflokkurinn Likud komst á laggirnar árið 1977, studdi hann landnemabyggðirnar opinberlega og fluttu landnemar á svæði Vesturbakkans og Gaza strandarinnar (Kaplan, 2005). Landnemabyggðirnar voru frá upphafi öflugar við að ná völdum yfir landsvæðum og borguðu ísraelsk stjórnvöld landnemunum fyrir það eitt að búa í landnemabyggðum (Kaplan, 2005). Árið 1920 urðu deilur um hvort senda ætti landnema á hættulegt svæði sem kallaðist „franska svæðið“ þar sem það var á milli hins franska Líbanon og bresku Palestínu. Þar lagði Jabotinsky fram þá hugmynd að herinn yrði nýttur til verndar

landnemunum, og eru landnemar í dag enn verndaðir af ísraelskum hermönnum á landsvæðum Palestínu, Vesturbakkanum og Gaza eftir hugmynd Jabotinsky (Kaplan, 2005).

1.2 Al-Nakbah

Eftirmálar stríðsins 1948 kalla Palestínumenn *Al-Nakbah* sem hefur verið þýtt sem *catastrophe* á ensku, á íslensku „áfallið“ eða „hörmungarnar“ og markar það upphaf þjáninga Palestínumanna þar sem þeir voru reknir frá heimilum sínum. Líf Palestínumanna breyttist á svipstundu eftir stríðið og afneitun um tilvist palestínsku þjóðarinnar hófst, um 418 palestínsk þorp voru þurrkuð út og arabísk nöfn á götum og þorpum var skipt út fyrir evrópsk og hebresk nöfn sem miðla átti þeim skilaboðum að engin palestínsk þjóð hafi nokkurn tímann verið til staðar (Sa’adi, 2002). Í kjölfar stríðsins var það ekki einungis útskúfun á Palestínumönnum sem átti sér stað heldur einnig mikill menningarlegur skaði. Um 70 þúsund bækur, ljósmyndir, kort, teikningar og málverk voru gerð upptæk eða tekin af palestínskum heimilum og öðrum opinberum byggingum. Stór hluti þessara muna var settur á Landsbókasafn Ísraels árið 1957 og merkt sem yfirgefin eign (Brunner, 2010), merking sem má deila um vegna þeirrar spurningu sem liggur í loftinu um hvort að eignir sem þessar hafi í raun verið yfirgefnar af sjálfdáðum eða vegna neyðar í kjölfar þjóðernishreinsanna Ísraelsmanna á Palestínumönnum.

Khalil Raad var ljósmyndari og var þekktur sem fyrsti arabíski, palestínski ljósmyndarinn. Hann var meðal fyrstu ljósmyndaranna í Palestínu til að skrásetja nýlendustjórn Breta í Palestínu og andstöðu Palestínumanna gegn henni, í ljósmyndum. Eftir *Al-Nakbah* voru öll verk hans flutt í Landsbókasafnið og geymir herinn einnig part af þeim (Brunner, 2010). Stór partur af *Al-Nakbah* er menningarstuldur á hefðum og matarmenningu Palestínumanna sem Ísrael hefur svo tileinkað sér. Veitingarstaðir í Ísrael bjóða upp á mat frá Mið-Austurlöndum sem er markaðssettur til ferðamanna sem ísraelskur matur (Sa’adi, 2002). Slíkur stuldur hersetuliðs á menningarhefðum heimamanna er litið á sem hluti af þjóðernishreinsum, þar sem markmiðið er að eyða menningarverðmætum þeirra sem búið er að hertaka (Usher, 2005).

Margir hafa gagnrýnt ofbeldi stjórnvalda Ísraels á Palestínumönnum og helst vegna mikillar líkinda á samanburði *Al-Nakbah* við helförina (Chomsky og Pappé, 2010). Báðir atburðirnir byggja á markvissum þjóðernishreinsunum, aðskilnaði, flóttu og skerðingu á réttindum og margir furða sig á því hvers vegna stjórnvöld Ísraels hafa tekið við keflinu af stjórnvöldum Þýskalands á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Samkvæmt Noam Chomsky og Ilan Pappé eiga þessir atburðir einnig það sameiginlegt að efasemdir um tilvist þeirra hefur sprottið upp víða. Gyðingar hafa í gegnum tíðina stöðugt þurft að sanna tilvist Helfararinnar og glíma Palestínumenn við sama vandamál. Það sem skilur þessa tvo atburði að er að helförin er á alþjóðavísu samþykkt en *Al-Nakbah* almennt ekki (Chomsky og Pappé, 2010).

1.3 Þjóðernishyggja

Þegar saga Ísraels og Palestínu er skoðuð og sem og átökin sem þar hafa farið fram í fjölda áratuga er mikilvægt að hafa í huga hve stórt hlutverk þjóðernishyggja spilar í deilunni. Samkvæmt norska mannfræðingnum Thomas Hylland Eriksen (1994) þurfa hópar að komast í návígi við hver annan til að þjóðerni geti myndast og verða að einhverju leyti ólíkir öðrum utanaðkomandi hópum. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt er ekki hægt að telja þann hóp sem þjóð vegna þess að þjóðerni er hluti af samfélagslegu sambandi hóps fólks sem lítur á sig sem hóp aðgreindan frá öðrum (Eriksen, 1994). Þjóðernishyggja er pólitískt hugtak um þjóðríki þar sem ætlast er til að opinberar stofnanir og þjóð sérstaks ríkis eigi að vera samtaka. Samkvæmt því ætti utanaðkomandi innflutt fólk ekki að gegna opinberu embætti þar sem það gæti stangast á við einingu þjóðarinnar. Fólk telst vera af sömu þjóð einungis ef það viðurkennir tilvist hver annars sem sömu þjóðar. Hópur fólks sem býr á sama svæði, talar sama tungumálið og viðurkennir gagnkvæm réttindi hópsins flokkast sem þjóð, þessi atriði skilgreina þau frá öðrum (Gellner, 1985).

Í gegnum tíðina hafa margir stjórnmalaleiðtogar lýst yfir þeirri skoðum að frumþjóðir (frumbyggjar) eigi rétt á eigin þjóðríki, hvort sem það er í lagalegum skilningi eða bókstaflegum. Eriksen skilgreinir Palestínumenn sem frumþjóð og því ættu Palestínumenn sem frumþjóð ættu ekki að lúta stjórn annarra. Í tilfelli Ísraelsmanna og Palestínumanna liggur hugmyndin um þjóðerni í hugtaki sem Eriksen kallar „við og hinir“ (Eriksen, 1994) þar sem þjóðernishyggja Ísraels snýst um þjóðríki og stofnun ríkis handa gyðingum (við) þar sem Palestínumenn eru ógn sem stendur í veg fyrir þeim draumi (hinir). Síonistar tengjast landinu vegna þjóðernis og til að endurheimta land sitt (þó svo flestir þeirra eigi sér engar rætur þar) en fyrir frumþjóðina Palestínumenn snýst þetta um minningar þeirra um þorpinn, aldagamlan

landbúnað, sjálfstæði og styrkleika og tengja þeir það við landið (Gellner, 1985). Erfitt er að segja til um hvernig nákvæmlega á að skilgreina þjóðríki en Walker Connor skilgreinir þjóðríki á þennan hátt:

A Social group which shares a common ideology, common institutions and customs, and a sense of homogeneity. "Nation" is difficult to define so precisely as to differentiate the term from such other groups as religious sects which exhibit some of the same characteristics. In the nation, however, there is also present a strong group sense of belonging associated with a particular territory considered to be peculiarly its own. (Connor, 2011, bls. 36).

Anthony D. Smith skilgreinir þjóðríki sem hópur fólks sem hefur yfirtekið sögulegt svæði, deilir þjóðsögum, minningum og menningu (Smith, 2001). Blanda af þessum tveimur hugmyndum, menningarlegri og landafræðilegri sjálfsmynd myndar ákveðið stolt sem er einkennandi fyrir meðlimi þjóðríkis, og kallast þjóðernishyggja (Penrose, 2002) og er því hægt að segja að báðar kenningarar eigi við um þjóðríki.

1.4 Síonismi

Það er mjög mikilvægt að átta sig á því hvað síonismi er áður en haldið er af stað með sögu Palestínu og Ísrael. Síonismi er stjórnmálastefna sem beitir sér fyrir því að gyðingar eigi rétt á eigin landi. Stefnan er komin af þjóðernishyggju og eftir útgáfu bókar ungverska blaðamannsins Theodor Herzl, *Gyðingaríkið* (1896), jukust vinsældi síonismans gríðarlega. Eftir stofnun Ísrael árið 1948 hafa fylgjendur síonistastefnunnar verið andvígir því að gyðingar samlagist öðrum þjóðum og boðað að gyðingar út um allan heim eigi að flytjast til Ísrael til að komast undan gyðingahatri (Gellner, 1985). Hópar gyðinga eins og Mizrahim, öfga-ortódox gyðingar og síonistar voru mjög spenntir fyrir hugmyndinni um ísraelskt samfélag á fyrstu árum eftir stofnun Ísraels og voru öfga-ortódox gyðingar taldir af síonistum vera þeir sem myndu framfylgja hinum sönnu hefðum gyðinga og með því gætu þeir sameinað gyðingdóm við þjóðernishyggju (Kepler, 2005).

Síonismi og þjóðernishyggja haldast í hendur að því leyti að síonismi er stefna sem byggist á því að búa til ríki einungis fyrir gyðinga. Þjóðernishyggja byggir á því að hópur fólks sem býr í sama landinu hefur sömu gildi, oftar en ekki sama tungumál og deila sögu saman. Í tilfelli gyðinga jukust vinsældir síonismans eftir seinni heimsstyrjöldina og vildu þeir sameinast í eitt ríki. Þeim var úthlutað það landsvæði sem þá var breska umráðasvæðið

Palestína, þar sem arabar áttu heima fyrir en, örvæntingafulla þjóð vantaði heimili og að mati sionismans þurfti að reka arabana í burtu (Chomsky, 1999).

Það er hægt að gera ráð fyrir því að ekki yrðu allir sammála um hvernig ætti að stofna ríkið Ísrael. Annars vegar var það hópurinn sem vildi fullkomið vald yfir landsvæðinu og hins vegar var það hópurinn sem taldi að gyðingar og arabar gætu stofnað tvö ríki þar sem báðir hóparnir gætu lifað í friði við hvor annan, svokölluð tveggja ríkja lausn (e. two-state solution) (Chomsky og Pappé, 2010). Þrátt fyrir mismunandi skoðanir voru flestir innan sionistahreyfingarinnar sammála um nauðsynlegt væri að endurheimta það land sem þeir töldu sig hafa tilkall til (Chomsky, 1999).

1.5 Landamæri

Landamæri eru landafræðileg mörk sem hafa verið sett upp af ríkisstjórnnum ákveðinna ríkja og eru þau stofnuð með samningum á milli pólitískra eða félagslegra aðila sem stjórna þessu ákveðna svæði (Del Sarto, 2014). Sum landamæri eins og landamæri innan Schengen svæðisins eru oft opin og óvarin og er því lítið mál að ferðast yfir til næsta ríkis. Önnur landamæri eru að hluta eða öllu leyti stjórnað og má því einungis fara yfir þau á ákveðnum svæðum þar sem vegatálmar eru staðsettir (Del Sarto, 2014). Til eru tvennskonar landamæri, annars vegar landamæri innan landfræðilegra marka og hins vegar landamæri pólitískra ákvarðanna. Landamæri ríkja eru þó ekki öll eins, því mörg ríki eiga einungis ein landamæri en önnur eiga mörg, til dæmis á Ísland ein landamæri og Þýskaland á mörg (Alvarez, 1995). Í mörgum tilfellum einkennast átök við hugmyndafræðina um landamæri vegna þess að landamæri eru einskonar stighækkandi valdakerfi þar sem margir ólíkir menningarhópar mætast. Menning ríkjanna mótar skilning íbúa þeirra á landamærunum (Alvarez, 1995) og í því sambandi má sjá ólík viðhorf Palestínumanna og Ísraelsmanna til aðskilnaðarmúrins sem byggður hefur verið í nánd við landamærin sem Ísraelar líta á sem öryggisráðstöfun en Palestínumenn upplifa hann sem þvingun og hluta af aðskilnaðarstefnu Ísraels. Landamæravarsla gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að bæði innflutningi og útflutningi yfir landamæri. Þá er ekki einungis verið að tala um flutning á vörum heldur einnig fólki sem vill komast á milli landa.

Þegar kemur að atvinnu skapa landamæri (t.d. á milli Palestínu og Ísraels) takmarkaða ábyrgð vinnuveitandans um velferð erlendra starfsmanna. Hvorki ríkisstjórnir né vinnuveitendur eru skyldugir til að niðurgreiða tekjur af erlendu vinnuafli, menntun eða heilsugæslu sem gerir fyrirtækjunum auðvelt fyrir að losa sig við starfsmennina án þess að

greiða þeim bætur. Erlendir verkamenn þurfa oft að vinna erfiðisvinnu, fá lítil laun og eru óskráðir í kerfinu (Bornstein, 2002). Með landamæravörslu sem slíkri verður oft til stéttaskipting og mismunum á kynþáttum. Í Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar tókst yfirvaldi hvíttra manna að kúga svarta innfædda og borga þeim minni laun en þeir borguðu hinum hvítu (Bornstein, 2002). Samskonar mismunun á sér stað á landamærum Ísraels og Palestínu. Landamæri eru mikilvægur hlutur af auðkenni einstaklings og byggist að mestu á réttindum sem hann fær þegar hann fellur inn í þann hóp sem tilheyrir vissu ríki innan vissra landamæra. Ísrael hefur stöðugt verið að færa landamæri sín eftir stofnun ríkisins og vangaveltur um hvers konar ríki hefur ekki staðfest landamæri hefur reglulega sprottið upp. Eftir sex daga stríðið árið 1967 náði Ísrael að hernema Vesturbakkann og Gaza ströndina. Ísrael hefur síðan árið 2003 sett upp aðskilnaðarmúr á milli. Aðskilnaðarmúrinn liggur þó ekki meðfram þeim landamærum sem ákveðin voru árið 1949 af Sameinuðu þjóðunum sem átti að afmarka palestínska yfirráðasvæðið öðrum megin og Ísrael hinum megin, heldur liggur hann inn fyrir þau mörk og inn á svæði Palestínumanna. Skiljanlega gerir þetta ástandið erfiðara fyrir fólk að átta sig á því sem er í gangi, þar sem enginn veit hvar raunveruleg landamæri aðskilja palestínska yfirráðasvæðið frá Ísrael. Í kjölfar þess hefur deilan snúist yfir í það hvort það sé raunverulega til ríki sem kallast Palestína, því ríkið á engin viðurkennd landamæri. En ef Palestína á engin landamæri, hvernig getur Ísrael átt landamæri (Seidenberg, 2017)?

Mörk

Á undanförnum árum hefur hugtakið mörk (*boundaries*) verið kjarni áhrifamikilla umræðna í félagsvísindum og hefur það verið mikið rannsakað í tengslum við til dæmis sameiginleg félagsleg auðkenni, hópstillingu kynþátta og þjóðernis, fólksflutninga og stjórnmál. Þar að auki hefur hugtakið landamæri verið tengd við hugtakið mörk. Þessi tvö hugtök eru stór hluti af klassískum hugmyndafræðilegum „verkfærum“ félagsvísindamanna og hafa vísindamenn mikið skoðað þau saman (Lamont, Molnár, 2002). Augljós landamæri ríkja eru nær alltaf dregin út frá reglum stjórnmála. Afmörkum ríkisins leiðir af sér vald og lögmæti með því að tengja vissar aðgerðir við sérstaka starfssemi ríkisins. Menningarhættir skilgreina einnig mörk ríkisins út frá starfsháttum og athöfnum sem hjálpar til við að móta ímynd ríkisins. Þessar athafnir eru ólíkar frá ríki til ríkis sem skilgreinir þau frá hver öðrum sem er helsta áhersluatriðið, að vera sitt eigið ríki með sína eigin menningu og athafnir (Maryl, Quinn, 2016).

Mörk vísa einnig til þjóðernis þar sem fólk tekur ákvarðanir sem eru gerðar til að lýsa sjálfu sér á táknrænan hátt og bera ákveðin menningarleg einkenni úr hinu hversdagslega lífi. Með þessu er fólk undir vissum menningarlegum kröfum að skilgreina sig við eina menninguna en ekki aðra og menningarleg arfleið og þörf til að halda sögu hennar uppi er mikilvægur partur af sjálfsmyndinni (Cohen, 1994).

Í tilfelli Palestínu hafa margir aðilar átt aðild að mörkun ríkisins;

1. Ottómanveldið
2. Bretland
3. Frakkland
4. Síonismahreyfingin - seinna ísraelska ríkisstjórnin
5. Jórdanía
6. Sýrland
7. Sameinuðu þjóðirnar
8. Palestínumenn
9. Bandaríkin

Þá má geta sér til um að stöðug átök standi yfir á þessu svæði vegna þess að ítrekað er verið að breyta mörkum ríkisins (og landamærum) sem veldur viðvarandi átökum á milli Palestínumanna og Ísraels. Þessir tveir ólíkir menningarhópar eru ekki sammála um hvor menningin skal tilheyra ríkinu innan marka og mæra þess.

Mörk geta einnig verið félagsleg. Í slíkum tilfellum finnur einstaklingur sig í félagslegum aðstæðum innan samfélags sem hefta hann að einhverju leyti, sem dæmi: innflytjendur finna oft fyrir félagslegum mörkum þar sem hefðir og tungumál nýja landsins heftir þá til samskipta. Því eru félagsleg mörk oftar en ekki dæmi um ólíka hópa innan samfélags. Palestínumenn finna oft fyrir félagslegum mörkum þar sem að álit stjórnvalda landsins líta á þá sem annars flokks hóp sem felur í sér félagsleg höft varðandi réttindi og félagslega stöðu (Bauman, 1999).

Græna línan

Rithöfundurinn Avram Bornstein (2002) nefnir í grein sinni upplifun sína á Vesturbakkanum í Palestínu þar sem innfæddir arabar þurfa að fara yfir landamæri sem kallast græna línan, sem á að skilgreina ríkið Ísrael. Á þessum landamærum eru eftirlitsstöðvar og eru margir

Palestínumenn stoppaðir af ísraelskum hermönnum þegar þeir koma þar að og fá ekki að ganga til vinnu sinnar. Oftar en ekki er þessu fólki ekki borgað sambærileg laun og ef það byggir hinum megin við línuna, það hefur ekki stéttarfélag og fær ekki bætur. Þetta ýtti undir stéttarskiptingu og mismunun kynþátta í Ísraelsríki (Bornstein, 2002). Á 10. áratug tuttugustu aldar, þegar um milljón gyðinga fluttist að frá fyrrum Sovétríkjunum, blómstraði fasteignamarkaðurinn í Ísrael. Um 100.000 erlendir verkamenn voru fengnir til vinnu, helst frá Rúmeníu og Tælandi, en Palestínumennirnir sem höfðu verið í byggingariðnaðinum í áratugi fengu ekki störf. Flestir fengu ekki leyfi til að fara til Ísrael og þeir tugþúsundir Palestínumanna sem höfðu unnið í Ísrael áður fyrr þurftu nú að laumast yfir grænu línuna án leyfis, til að komast til vinnu (Bornstein, 2002).

Sameinuðu þjóðunum hafði ekki tekist að útkljá málin um skiptingu Palestínu og upp hófst stríð árið 1948 þegar Ísrael lýsti yfir sjálfstæði. Í vopnahléi árið 1949 var gerð lína sem skipti landinu á milli Ísrael og Palestínu þar sem Ísrael fékk um 77% af landinu en afgangurinn, Gaza ströndin og Vesturbakkinn, kallaðist yfirráðasvæði Palestínu en heyrði undir Egyptaland og Jórdaníu. Í kjölfar þess flúðu um sex hundruð þúsund til ein milljón manns sem urðu flóttamenn í Líbanon, Sýrlandi, Gaza og á Vesturbakkanum. Þeir arabar sem eftir urðu fengu ísraelskan ríkisborgararétt en þeir hafa þurft að þola mismunun í ríki gyðinga. Í dag heyra engin svæði undir Egyptalandi né Jórdaníu þar sem Ísrael skipulagði óvænta árás og hrifsaði til sín þau svæðum sem nú kallast hernumin svæði (Bornstein, 2002).

Græna línan hliðraðist til þegar hið fyrsta *intifada* (uppreisn) hófst árið 1987 þar sem óeirðir brutust út í Jabalya flóttamannabúðunum á Gaza ströndinni. Þar höfðu Palestínumenn fengið sig fullsadda á landnemabrölti gyðinga þar sem þeir héldu ítrekað áfram að reisa landnemabyggðir á svæðum innan grænu línunnar og einna helst í Austur-Jerúsalem þar sem ísraelskir hermenn stormuðu um, en Austur-Jerúsalem tilheyrir Palestínumönnum, samkvæmt alþjóðalögum sem Ísrael kærir sig kollótt um. Ísraelski herinn mætti mótmælandi ungmennum með táragasi, ofbeldi og gúmmíhúðum byssukúlum og yfir 100.000 Palestínumenn hafa verið handteknir og hafa eytt mánuðum og jafnvel árum í fangelsum Ísraels. Í kjölfar þessa hófust leynilegar samningaviðræður í Osló í mars árið 1993 en á sama tíma setti ísraelski herinn upp vegatálma á öllum stærstu vegum á milli Vesturbakkans og Ísraels, en með því settu þeir enda á 25 ár þar sem vegir höfðu verið opnir og var nú Austur-Jerúsalem í fyrsta skiptið aðskilin nærliggjandi palestínskum þorpum (Bornstein, 2002). Ísraelska ríkisstjórnin réttlæti þessar lokanir þar sem þær myndu skilja í sundur

Palestínumenn og Ísraelsmenn en í leiðinni væri það skref í átt að sjálfstæði Palestínu, en aðeins Palestínumenn höfðu ekki heimild til að vafra á milli óáreittir, en landnemarnir gátu farið eins og þeir vildu. Þessar lokanir höfðu áhrif á verkafólk sem og nemendur sem komust ekki í háskólana og lýstu Palestínumenn á Vesturbakkanum og á Gaza ströndinni ástandinu sem fangelsisdóm (Bornstein, 2002)

Árið 1993 þegar Oslóarsamningurinn var undirritaður opnaðist tækifæri fyrir stjórnmalaflokkinn PLO (Palestinian Liberation Organisation) á herteknum svæðum Vesturbakkans og Gaza og palestínska ríkisstjórnin varð til árið 1994. Oslóarsamningur II var gerður árið 1995 þar sem stjórnvöld Ísrael afsöluðu sér sex stórum bæjum innan Vesturbakkans. Þrátt fyrir þessa samninga og loforð innan þeirra var enn ekki búið að komast að samkomulagi vegna palestínskra flóttamanna, Austur-Jerúsalem og landnemabyggða. Ísraelskir hermenn og vegatollar lágu enn þvert í gegnum Vesturbakkann þrátt fyrir að herinn hefði yfirgefið nokkra bæi Vesturbakkans. Ísrael hélt áfram nýlendustefnu sinni án byggingar landnemabyggða og var enn með hervald innan Vesturbakkans. Árið 2000, eftir svikin loforð Oslóarsamningsins, hófust óeirðir á götum herteknu svæðanna með stjórnmalaflokkinn Fatah í fararbroddi og tóku Palestínumenn sér vopn í hönd ólíkt fyrri óeirðum í kringum 1980 og 1990. En á móti þá svaraði Ísraelsher með enn meiri kúgun, ofbeldi, skriðdrekum og árásum frá þylrum, til að reyna að halda friðinn og stjórna svæðinu. Seinna *intifada* var hafið (Bornstein, 2002). Í grein Bornstein kemur fram að stundum má skilja ofbeldi af hendi hervalds sem leið til að hafa stjórn á hópum sem hafa andstæðar skoðanir og hætta er á átökum, en aftur á móti hafa margir mannfræðingar sett það skýrt fram að ofbeldi af hendi ríkisins virki ekki endilega til að halda friðinn. Vegatollar á landamærum grænu línunnar hafa gegnt því hlutverki að verja ísraelskan almenning og stjórnmalamenn telja það veita þeim öryggi frá rasisma og and-semítisma. Í viðvarandi átökum þar sem óvinirnir hafa svo nán tengsl er auðvelt að ruglast á því hver hvatning þeirra er og hefur það leitt til tækifæra hjá báðum aðilum sem aðeins ýtir undir skiptingu og áhættu. Flestir Palestínumenn og þeirra stuðningsmenn sjá átökin sem hluta af sögu nýlendustefnunnar og heimsvaldastefnu en sionistar og stuðningsmenn þeirra horfa á átökin sem gegnum ítrekaða sögu af and-semítisma (Bornstein, 2002).

Gaza

Fram að 2005 réði Ísrael yfir Gaza svæðinu en dró sig þá til baka en hélt áfram stjórn yfir landamærunum. Í framhaldi af því sigraði stjórnmalaflokkurinn Hamas í kosningum í Gaza

árið 2006. Þrátt fyrir lýðræðislegar kosningar telja stjórnvöld Ísrael Hamas vera hryðjuverkasamtök þar sem hann hefur gagnrýnt friðarviðræður Ísraels samhliða því að skjóta eldflaugum frá Gaza til Ísrael. Fatah var annar stjórnmálaflokkur á Gaza í samkeppni við Hamas en þegar Hamas vann kosningarnar stöðvuðu Bandaríkin alla aðstoð til Palestínumanna og Ísrael lagði herkví á landi, sjó og lofti á Gaza ströndinni undir því yfirskeyni að koma í veg fyrir að vopnabúnaður komist í hendur Hamas liðsmanna. Með herkvínni vonuðust stjórnvöld Ísrael að íbúar Gaza strandarinnar myndu snúa gegn Hamas sem mistókst þegar fylgi Hamas jókst (Migdalovitz, 2010). Í hernaðarárásum ísraelskra hersins frá desember 2008 til janúar 2009, létust um 1,000 Palestínumenn og Gaza ströndin eyðilagðist og í kjölfarið hertu ísraelsk stjórnvöld herkvína á Gaza. Herkvíin hefur haft alvarleg áhrif á mannúðarástandið á Gaza ströndinni og hefur skrifstofa Sameinuðu þjóðanna um samræmingu mannúðaraðstoðar gefið reglulega út skýrslur um mannúðaraðstoð til svæðisins. Í þeim skýrslum hefur komið fram að í kjölfar herkvíarinnar hafa lífsskilyrði Palestínumanna farið versnandi og fátækt orðið meiri. Herkvíin kemur einnig í veg fyrir uppbyggingu eyðilagðrar bygginga og hefur ýtt undir mannúðaraðstoð vegna eyðileggingar lífsviðurværis og atvinnustarfsemis. Íbúar Gaza strandarinnar hefur ekki tekist að hefja viðgerðir á opinberum stofnunum eins og sjúkrahúsum, skólum, rafmagnskerfum og skólphreinsistöðvum vegna þess að Ísrael leyfir ekki afhendingu byggingarefna eins og stáls, steypu og flísa sem gæti bæði verið notað í uppbyggingu eða til framleiðslu á vopnum eða í öðrum hernaðarlegum tilgangi. Skýrslunar vísa í herkvína sem hóprefsingu (*collective punishment*), sem er ólögleg samkvæmt alþjóðalögum (Migdalovitz, 2010).

2.0 Aðskilnaðarstefna (Apartheid)

Hugtakið *apartheid* er tekið úr tungumálinu *afrikaans* sem talað er í Suður-Afríku og hefur það verið þýtt sem aðskilnaður. Notkun hugtaksins hefur fyrst og fremst verið til að lýsa pólitískri stefnu í Suður-Afríku um flokkun og mismunun frá 1948 til 1994. Höfnun á almennum mannréttindum og pólitískum réttindum í kjölfar aðskilnaðarstefnunnar náði athygli á alþjóðavísu og voru stjórnvöld Suður-Afríku fordæmd harðlega. Í kjölfarið hélt Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ráðstefnu um aðskilnaðarstefnu árið 1973 um þar sem lýst var yfir að aðskilnaðarstefna væri glæpur gegn mannkyni. Hugtakið aðskilnaðarstefna hefur verið notað í tengslum við Ísrael til að leggja áherslu á hertöku Ísraels á palestínskum landsvæðum (Eden, 2013). Samanburður á ástandinu í Ísrael og Palestínu við aðskilnaðarstefnu hefur verið gerður af mannréttindasamtökum og pólitískum aðgerðarsinum og ýmsum fræðimönnum. Þessi samanburður er gildur vegna flokkunarkerfis, hugmyndakerfis og aðskilnaðar Ísrael á Palestínumönnum sem líkist mikið aðskilnaðarstefnu Suður Afríku áður fyrr. Ástæða þessara samanburðar er vegna þess að bæði Ísrael og Suður Afríka eru nýlenduríki, sem voru studd af Breska heimsveldinu og mynduð af innflytjendum með hugmyndafræði um aðskilnað sem í kjölfarið leiddi til tilfærslu innfæddra. Bæði ríkin hafa orðið til í kjölfar stríðs sem hefur orsakað hreinsun stórra svæða fyrir hvíta menn frá Evrópu eða gyðingalandnema, sömuleiðis frá Evrópu. Í mörgum tilfellum landnáms fá landnemar stóran hluta landsins og í kjölfarið fá innfæddir samsvarandi takmarkaðan aðgang (Peteet, 2016).

Árið 2007 ályktaði sérlegur sendifulltrúi Sameinuðu Þjóðanna, John Dugard, að ástandið á herteknu palestínskum svæðunum eftir árið 1967 væri ný mynd af nýlendustefnu og aðskilnaðarstefnu sem stangaðist á við alþjóðalög. Eftirmaður Dugard, Richard Falk var sammála honum og ályktaði að stefna Ísraels á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem samsvaraði nýlendu- og aðskilnaðarstefnu og benti á að Ísrael beitti aðskilnaðarstefnu og skyldi það vera formlega meðhöndlað sem glæpur gegn mannkyninu (Eden, 2013).

2.1 Aðskilnaðarríkið Ísrael (Samaburður við S-Afríku)

Pólitík, ofbeldi og landamæri Ísraels fela í sér djúpstæðar hindranir á tveggja ríkja lausn sem byggist á landamærunum sem sett voru árið 1967. Enginn pólitískur leiðtogi mun fara fram á og samþykkja tveggja ríkja lausn, frekar munu þeir halda uppi tálsýninni um mögulegan frið á svæðinu og halda stöðu Palestínnumanna í eilífri óvissu. Ráðgjafi Ariel Sharon, Dov Wiesglass sagði eitt sinn að það að stöðva friðaráætlanir, koma í veg fyrir umræðu um flóttamenn, landamæri og Jerúsalem væri mikilvægur þáttur í aftengingaráætluninni (Yiftachel, 2005). *Aftengingaráætlunin* hefur gert verulegan mun á pólitískri landafræði Ísrael og Palestínu en við nánari athugun hefur komið í ljós að það skipti engu máli þótt nýlendustefna Ísraels stöðvist fyrir tveggja ríkja lausn, heldur skiptir kúgunarstefna Ísraels, gagnkvæmt ofbeldi og brottrekstarstefna öllu máli. Í sameiningu hefur þetta búið til illa dulda aðskilnaðarstefnu, þar sem réttindi eru lögleidd á grundvelli þjóðernis og staðsetningar. Þessi aðskilnaðarstefna hefur aldrei verið opinberlega yfirlýst né samþykkt af pólitískum hreyfingum sem gerir það að verkum að horft er fram hjá því og haldið er áfram að styðja við tálsýn um mögulegan frið. Aðskilnaðarmúrinn sem hefur verið dæmdur ólöglegur er enn í byggingu, landnemar halda áfram að setjast að á Vesturbakkanum og meðferð á Palestínnumönnum með ísraelskan ríkisborgararétt líkist enn meira meðferðinni sem Palestínnumennirnir á herteknu svæðunum þurfa að líða (Yiftachel, 2005). Orðið apartheid eða aðskilnaður er ekki notaður til þess eins og móðga stjórnvöld þjóðar heldur liggur lagalegur skilningur að baki aðskilnaðarstefnunnar samkvæmt þingi Sameinuðu þjóðanna. Það var gert til að koma í veg fyrir að einn kynþáttur hefði yfirráð yfir öðrum og notaði völd sín til markvissar kúgunar. Að neita hópnum um réttindi til lífs og frelsis, koma í veg fyrir hjónabönd þar sem aðilar eru af sitthvorum hópnum, svipta þeim rétti sínum að snúa aftur til landsins og búa til sérstök hverfi ætluð hópnum, er allt dæmi um glæpi aðskilnaðarstefnunnar. Samkvæmt alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis kemur fram að:

[...] „kynþáttamisrétti“ er hvers kyns aðgreining, útilokun, takmörkun eða forgangur sem byggður er á kynþætti, litarhætti, ættarni eða þjóðernis- eða þjóðlegum uppruna sem hefur það markmið eða þau áhrif að koma í veg fyrir eða hamla að hægt sé að fá viðurkennd eða geta notið eða framfylgt á jafnræðisgrundvelli, mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála eða öðrum opinberum vettvangi (Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis, 14/1968).

2.2 Aðskilnaðarmúrinn

Til að landnemasamfélög geti þrífist þurfa þau að uppfylla ákveðin skilyrði. Það fyrsta er að samfélagið verður að sýna fram á pólitískt, hernaðarlegt og efnahagslegt sjálfstæði frá stuðningsmönnum sínum. Samfélagið þarf einnig að ná hernaðarlegum yfirráðum og eðlilegum samskipti við nágrannaríki, fá alþjóðlega viðurkenningu og síðast en ekki síst þarf að útkljá vandamál sem það kann að glíma við varðandi innfædda íbúa landsins. Ísrael hefur tekist að uppfylla fyrstu þrjú skilyrðin en ekki hefur tekist eins vel með hið fjórða (Usher, 2005). Með þessum skilyrðum náði sionistahreyfingin einum mikilvægasta diplómátíska sigri sínum, fyrir utan Balfour yfirlýsinguna, og náði yfirráðum yfir enn meira af landsvæði Palestínu. Á árunum sem fylgdu hefur Ísrael byggt upp stefnumótandi samband við Bandaríkin, stærsta stórveldi heims og með því hefur það tryggt öryggi tilvistar Ísraels með herbúnaði og efnahagslegum stuðningi. En þetta samband hagnaðist ekki einungis Ísraelsríki heldur hafa nú Bandaríkin Ísrael sem eins konar áfangastöð þar sem þeir hafa aðgang að Mið-Austurlöndum og Persaflóa. Vegna þessa hefur Ísrael orðið ósigrandi á þessu svæði og er efnahagur þess þrisvar sinnum meiri en sameiginlegur efnahagur palestínska yfirráðasvæðisins, Egyptalands, Jórdaníu, Líbanon og Sýrlands. Ísrael er einnig fjórða stærsta kjarnorkuríki heims og fimmti stærsti vopna útflytjandi heims. IDF, Ísraelski herinn, á sér engan líkan á þessu svæði vegna stuðnings Bandaríkjanna (Usher, 2005). Þrátt fyrir skort á öðrum einkennum sjálfstæðis, til dæmis viðurkennd landamæri, þá er tilvistaröryggi þeirra ekki ógnað vegna viðurkenningu „alþjóðasamfélagsins“ á ríki Ísraels (Usher, 2005).

Ísrael hefur tekist að lýsa yfir sjálfstæðu ríki án þess að þurfa gera friðarsamninga við arabíska nágranna sína eða skila þeim svæðum sem ríkið hefur hernumið frá Palestínumönnum og Sýrlendingum í stríðunum á árunum 1948 og 1967, en hefur samt sem áður fengið samþykki á svæðinu með því að skrifa undir friðarsamninga við Egyptaland og Jórdaníu og haldið hernaðarlegum tengslum við Indland og Tyrkland. En helsti sigur Ísraels er sá að ríkið hefur náð að þröngva fram uppgjöf frá Palestínumönnum sem samþykktu ríki Ísrael. Með því gáfu þeir upp 78% af landi forfeðra sinna, þar með talið svæðið sem var úthlutað til arabísku ríkjanna samkvæmt skiptingu Sameinuðu þjóðanna árið 1947 (Usher, 2005). Svo lengi sem Palestínumenn eru ekki sjálfstæðir getur Ísraelsríki verið öruggt. Þrátt fyrir það verður það aldrei almennilega viðurkennt í augum nágrannaþjóðanna og skortur á viðurkenningu fer einnig vaxandi í Evrópu vegna ólöglegs hernáms (Usher, 2005).

Fyrir árið 1949 hafði hið nýstofnaða Ísraelsríki leyst vandamál sín við innfædda sem það kljádist við. Það leysti vandamálið með því að stækka svæði ríkisins langt umfram þau landamæri sem Sameinuðu þjóðirnar ákvörðuðu árið 1947. Palestínumenn voru í stórum stíl

hreinsaðir af landsvæðum sínum og samfélög þeirra eyðilögð svo þeir gætu aldrei snúið til baka. Í byrjun mars árið 1948 eyðilagði ísraelski herinn um 400 þorp Palestínumanna og neyddu um 750.000 Palestínumenn til að flýja þau. Hinir 100.000 Palestínumenn sem eftir urðu innan ríki gyðinga þurftu næstu 18 ár að lifa undir herlögum. Þeir voru einangraðir frá landi sínu og var dreift um Negev og Galíleu, litlum svæðum innan Ísrael. Markmiði gyðinga var loksins náð, Palestínumenn voru nú einungis óþekkjanlegur minnihlutahópur innan ríkisins (Usher, 2005). Í Austur-Jerúsalem og á Vesturbakkanum búa í dag meira en 400.000 landnemar og nokkur hundruð í úthverfum sem gætu orðið í framtíðinni svæði landnema. Þessar landnemabyggðir stjórna um 40% af öllum Vesturbakkanum og eru samþættar Ísrael á öllum sviðum, og hafa jafnvel vegi sem leiða alla leið frá Jórdan ár til Tel Aviv (Usher, 2005).

2.3 Upphaf múrsins

Aðskilnaður Palestínumanna og Ísraelsmanna jókst undir stjórn Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, þar sem hann lagði fram tillögu um lokun á hernumdu svæðunum. Árið 1993 vildi hann loka Gaza af frá Ísrael, Austur-Jerúsalem og Vesturbakkanum og varð það að veruleika undir Oslóarsamningnum. Það þýddi að rafmagnsgirðing var reist upp í kringum Gaza ströndina og að herinn og landnemar stjórnðu um 30% af svæðinu. Á Vesturbakkanum höfðu palestínsk yfirvöld stjórn á um 18% af svæðinu en var deilt upp í átta mismunandi svæði, en Ísrael stjórnaði milligöngu svæðunum eins og Austur-Jerúsalem og svæðum sem ætlað var til stækkunar landnemabyggðar. Eftir bylgju sjálfsvígssprenginga stuðningsmanna Hamas og Islamic Jihad árið 1996, voru settar upp hindranir innan Vesturbakkans og Gaza, undir stjórn Shimon Peres, þar sem bæir og þorp voru skilin að og fólk útilokaðist frá jörðum sínum, fjölskyldum og nágrönnum (Usher, 2005). Árið 1995 var Yitzhak Rabin myrtur af sionískum öfgamanni, en meðal síðustu verka hans fyrir það var að hann bað ráðherra orkuveitunnar að hanna öryggisgirðingu sem mundi liggja samsíða Vesturbakkanum eftir grænu línunni. Hugmyndin um aðskilnaðarmúr varð til (Usher, 2005).

Árið 1996 þegar sjálfsmorðsprengjur urðu mikið vandamál í Ísrael, samþykkti Peres tveggja kílómetra óháð svæði (e. buffer zone) meðfram grænu línunni sem samanstóð af girðingum, eftirlitsvettvangi, þyrilfeitirliti, hermönnum og lögreglu. Þetta var framlag Ísraels til að koma í veg fyrir að Palestínumenn kæmust yfir landamærin. Eftirmaður Peres, Benjamin Netanyahu, varaði við því að öryggisgirðing meðfram grænu línunni gæti verið túlkað sem pólitísk áætlun og fékk hugmyndin um girðinguna að liggja þar til ársins 2000

Þegar forsætisráðherrann Ehud Barak dró hana aftur upp á yfirborðið. Barak vildi samþykka lausn frá palestínsku yfirráðasvæðum með undirskrift Yasser Arafat, leiðtoga Palestínnumanna (Usher, 2005). Með samþykki fyrir þessum áætlunum fylgdi mikill þrýstingur frá Bandaríkjunum og Ísrael. Í skiptum fyrir afturkall Ísraels á 90% af Vesturbakkanum myndi Barak fá stækkun á Ariel, Ma'ale Adumin og Gush Ezion, stærstu landnemabyggðunum, stækkun á öllum landnemabyggðum í Austur-Jerúsalem og stöðuga viðveru ísraelska hersins á Vesturbakkanum. En Arafat sá þetta fyrir og neitaði að skrifa undir samninginn (Usher, 2005). Í nóvember sama ár hóf Barak framkvæmdir á áætlun sinni þar sem hann samþykkti byggingu hindrunar í norðurhluta Vesturbakkans, sem gegndi því hlutverki að stoppa umferð vélknúinna ökutækja. Vegna ítrekaðra sjálfsmorðssprenginga bað eftirmaður Barak, Ariel Sharon, öryggisstjórnann Uzi Dayan um að gera frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir að Palestínnumenn kæmst til Ísrael. Dayan komst að þeirri niðurstöðu að byggja varanlega hindrun samhliða landamærunum sem Peres og Barak höfðu stungið upp á. Ári seinna var bygging múrsins opinberlega samþykkt í Jerúsalem. Með samþykki múrsins og árangurslausar samningaviðræður varð draumur Zeev Jabotinsky að veruleika (Usher, 2005).

Í mars árið 2002 tóku öll 22 ríkin í Arababandalaginu (e. Arab League) sig saman og buðu fram frið við Ísrael. Í skiptum fyrir algjöra afturköllun Ísraels á hernumdu svæðunum miðað við 1967 landamærin og samþykktu áætlun vegna flóttamannavandans og í október árið 2003 hófust óopinberar friðaráætlanir á milli fyrrum samningamanna Ísraels og Palestínu. Í kjölfar þess varð gerð tillaga þar sem Ísrael myndi draga sig til baka af 98% af Vesturbakkanum og samþykkti palestínskt fullveldi á svæðum araba í Austur-Jerúsalem, í skiptum fyrir höfnun Palestínnumanna á rétti flóttamanna til að snúa til baka (e. the right of return). Ariel Sharon gagnrýndi þessi skilyrði harðlega og afturkallaði sjálfur herinn frá Gaza ströndinni og hóf byggingu aðskilnaðarmúrsins. Hann samþykkti einungis fyrsta og annað skilyrði samningsins sem innihélt pólitískar framfarir og umbætur í Palestínu, að berjast gegn hryðjuverkjum og stofnun palestínsks ríki með bráðabirgða landamærum. Þriðja skilyrðið var ekki að skapi Sharon, það fól í sér afturkall lokaniðurstöðu samningaviðræðna sem hófust árið 1967, sem myndi stöðva hernámið (Usher, 2005).

Aðgerðir Sharon voru einungis gerðar með innfædda Palestínnumenn í huga. Á þessum tíma var áætlað að jafnrétti milli Ísraelsmanna og Palestínnumanna myndi nást fyrir árið 2012 og að fyrir árið 2025 myndu Palestínnumenn vera í meirihluta og þar sem að Ísrael er ríki sem byggir á einum þjóðernishópi, gyðingum, getur þetta því verið mikilvæg ástæða fyrir róttækum aðgerðum Sharon. Ef Palestínnumenn yrðu í meirihluta væri það mesta ógnin við

Ísrael (Usher, 2005). Aðskilnaðarmúrinn sem Sharon hóf byggingu á ýtti undir enn meiri mismunun gagnvart Palestínumönnum. Ísrael fylgir stefnu sem gerir hvaða gyðingum á jörðinni kleift að fá ísraelskan ríkisborgararétt, en á meðan beitir ísraelska ríkið miklum hindrunum og takmörkunum á ríkisborgararétti fyrir Palestínumenn innan henumdu svæðanna, eða á þá sem giftast innan ísraelska ríkisins. Sumir hafa gengið svo langt að giftast frændfólki sínu til þess eins að fá ísraelskan ríkisborgararétt (Usher, 2005).

Áætlun staðsetningar múrsins var sú að hann myndi þræða í gegnum palestínsk þorp meðfram grænu línunni og deila Palestínu upp í þrjú ótengd svæði. Borgirnar Jenin og Ramallah voru eitt svæði en höfðu aðgang til Jericho; Betlehem og Hebron sem voru annað svæði en höfðu engan aðgang að Jerúsalem, og Gaza var þriðja svæðið sem var útilokað frá Vesturbakkanum. Eini gallinn við áætlun Sharon var sá að innan múrsins, á svæði Ísraels voru um 400.000 Palestínumenn og þar að 200.000 í Austur-Jerúsalem (Usher, 2005). Endurskoðun fór fram á áætluninni í febrúar árið 2005 og fól hún í sér styrkingu og útpenslu múrsins þar sem hann myndi nú taka 10% meira af Vesturbakkanum og skilja eftir einungis 49.000 Palestínumenn innan múrsins á svæði Ísraels. Áætlunin var sú að með stækkun landnemabyggða og hindrun á aðgangi til Ísrael myndu þessi þrjú svæði leysast upp, Palestínumenn myndu sjálfviljugir fara frá heimilum sínum og fara til stærra borga innan Palestínu og með því væri hægt að stækka landamæri Ísrael (Usher, 2005). Palestínsk yfirvöld myndu stjórna svæði innan múrsins en Sharon hafði áhyggjur af því að þau myndu fá alþjóðlega viðurkenningu sem opinber yfirvöld yfir Vesturbakkanum, Gaza og að Austur-Jerúsalem yrði höfuðborg þess. Það var einungis ein leið til að fá viðurkenningu á palestínsku ríki samkvæmt Sharon, og var það svo að palestínskt ríki hefði bráðabirgða landamæri. Ef þetta yrði samþykkt myndi Sharon stöðva allar samningaviðræður um landnemabyggðir, vatn, flóttamenn, landamæri og Jerúsalem. Hann myndi jafnvel draga landsvæði til baka frá Vesturbakkanum og stækkun landnemabyggða þar og á Gaza ströndinni. Palestínsk yfirvöld höfnuðu öllum tillögum um bráðabirgða landamæri, nema ef að Bandaríkin og Sameinuðu þjóðirnar myndu skilgreina lög og tímaáætlun fyrir lokaniðurstöðu. Sharon hélt hinsvegar áfram með áætlun sína, landnemabyggðir héldu áfram að rísa innan og utan aðskilnaðarmúrsins og bygging múrsins hélt áfram (Usher, 2005).

Í dag einkennast landamæri Ísraels og Palestínu af eftirlitsstöðvum og vegatálum sem eru í raun ekkert minna en kerfisbundnar hindranir. Á landamærunum, grænu línunni, var reistur himinhár aðskilnaðarmúr sem var þrisvar sinnum breiðari og tvisvar sinnum hærri en Berlínarmúrinn. Í kringum múrinn er gaddavír sem hefur verið kuðlaður saman eins og

heystakkar og meðfram múrnum liggur rafmagnsgirðing. Þar á milli rafmangsgirðingarinnar og múrsins liggur skurður sem er um tveggja metra djúpur og liggur gaddavír þar ofan í. Fyrir utan múrinn og rafmagnsgirðingarinnar í kring hefur ísraelski herinn dreift sandi til að geta komið auga á fótspor og 10 metra há ljós sem og öryggismyndavélar eru staðsett allt í kringum múrinn (Ross, 2005). Þegar kemur að umræðum um aðskilnaðarmúrinn leiðir ísraelska ríkisstjórnin oft samræðurnar að því hve lítil áhrif múrinn hefur á Palestínumenn. Ríkisstjórnin hefur tekið fram að öryggisgirðingin, eða aðskilnaðarmúrinn, muni ekki hamla daglegu lífi Palestínumanna, sem að vísu stingur í stúf við sögn mannfræðinga, mannréttindasamtaka og blaðamanna sem hafa af eigin reynslu upplifað skerðingu á lífi Palestínumanna vegna múrsins. Mannfræðingurinn Glenn Bowman (Bowman, 2003) varð vitni að miklum hömlum fyrir Palestínumenn við að komast til vinnu, bæði á Vesturbakkanum og í Ísrael, börnum að komast í skólann en helst vegna efnahagsins þar sem miklar takmarkanir eru á mat, aðgengi að vatni, lyfjum og menntun. Það eru til mörg dæmi um það að aðskilnaðarmúrinn kemur í veg fyrir að fólk fái heilbrigðisþjónustu og í mörgum tilfellum hefur það leitt til dauða. Sjúkrabílar með sjúklinga hafa tafist við landamærin og konur hafa þurft að fæða börn á götunni á landamærunum þar sem þær eru stoppaðar. Þessar staðhæfingar stangast á við yfirlýsingar ríkisstjórnar Ísraels, sem opinberlega tekur fram að múrinn sé einungis ætlaður til hindrunar á hryðjuverkamönnum en hin venjulegi Palestínumaður á herteknu svæðunum ætti að geta lifað venjulegu lífi (Ross, 2005).

Þegar andlit hryðjuverkamanna er sett á Palestínumenn er auðvelt að setja á útivistarbann og aðrar refsingar sem hafa áhrif á samfélagið í heild, til þess eins og refsar nokkrum einstaklingum. Þegar kemur að ofbeldi af hendi Ísrael er oft umdeilt hvað sé lögmætt og hvað sé ólögmætt ofbeldi. Ofbeldi af hálfu hermanna er ávallt lögmætt en ofbeldi af hálfu til dæmis andspyrnumanna er talið ólögmætt. Í tilfelli ungra palestínskra barna eða unglunga sem kasta steinum í hermenn, eða sjálfsvígssprengjumanna sem sprengja sjálfa sig upp og þá sem í kringum sig eru, er ofbeldi þeirra dæmt ólögmætt. Þrátt fyrir það er ofbeldi af hálfu ísraelska hermanna sem tefja og niðurlægja Palestínumenn á eftirlitsstöðvum og morð á börnum og fullorðnum af ísraelskum skriðdrekum, talin lögmætt ofbeldi sem hluti af því að berjast gegn hryðjuverkum. Þetta sýnir að ofbeldi er ekki alltaf sýnileg afbrigðileg hegðun, en þvert á móti er þessi hegðun yfirleitt samþykkt eins og í tilviki ísraelska hersins (Ross, 2005). Kerfisbundið ofbeldi í mynd misréttis leiðir af sér andspyrnu og jafnvel ofbeldi í *intifada*. *Intifada* er sjálfsprottin uppreisn sem felur í sér ofbeldi sem tengist höftum á hreyfingu Palestínumanna vegna múrsins sem í kjölfarið leiðir til reiði, gremju, haturs og stigvaxandi átaka (Ross, 2005). Ross veltir því fyrir sér í grein sinni hvort hægt sé að rekja ofbeldi af

hálfu Ísraels og verndun þjóðríkis gyðinga af sionistum sama hvað það kostar, til Helfararinnar þar sem gyðingar máttu sæta ofsóknum. Í gegnum ritgerðina höfum við komist að því að ofbeldi Palestínumanna hefur að mestu leyti stafað af gremju gegn Ísrael og kúgunaraðgerðum þess, svo að hugsa sér að kúgunaraðgerðir og ofbeldi Ísraels vegna ofsókna í helförinni eru ekki svo fjarlæg rök að mínu mati.

Alþjóðlegi dómstóll Sameinuðu þjóðanna (e. International Court of Justice) dæmdi aðskilnaðarmúrinn ólöglegan árið 2004 og var þess krafist að múrinn yrði fjarlægður. Dómstóllinn dæmdi þannig vegna þess að múrinn bryti á mannréttindum og vegna staðsetningar hans á herteknu svæði. Þrátt fyrir að ICJ hafi ekki tekið til aðgerða vegna óhlýðni Ísraels, hefur hann samt sem áður uppfyllt tvær mikilvægar aðgerðir. Hinsvegar felur það í sér réttindi til allra (lat. *erga omnes obligations*) þar sem krafist er að aðilar sem hafa undirritað ályktun ICJ (Alþjóða dómstóllinn) framfylgi og þvingi Ísrael í samræmi við ákvarðanir sínar, og eru þar einna helst alþjóðlegir sáttmálar eins og Barnasáttmáli SP (e. Covenant on the Rights of the Child), Sáttmálinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (e. Covenant on Civil and Political Rights), Sáttmálinn um efnahagsleg, samfélagsleg og menningarleg réttindi (e. Covenant on Economic, Social and Cultural Rights) og svo framvegis. Útkoman verður þrýstingur á Ísrael til að rífa niður múrinn en á sama tíma verja mannréttindi Palestínumanna.

Annars vegar er athyglinni beint að ólögmæti múrsins og við það skapast möguleikar fyrir mótmælum eins og viðskiptabanni og sniðgöngu (Ross, 2005).

3.0 BDS

BDS (Boycott, Divestment, Sanctions), hin alþjóðlega sniðgönguhreyfing, einbeitir sér að því að mæta ólöglegri hertöku og kúgunaraðferðum Ísraels á Palestínumönnum með því að sniðganga þætti sem snúa að hersetu Ísraelsríkis á Palestínumönnum. Hreyfingin telur einnig að BDS sé val sem geti stuðlað að raunverulegum og varanlegum friði í Mið-Austurlöndunum (Bakan, abu-Laban, 2009). Þegar stríðið á Gaza, í lok árs 2008 og í byrjun 2009, stóð sem hæst birti blaðamaðurinn Naomi Klein grein (Klein, 2009) þar sem hún ítrekaði mikilvægi þess að sniðganga Ísrael vegna stöðugra brota á alþjóðalögum og á mannréttindum og fjallaði hún um það hvernig BDS hreyfingin hefði orðið aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku að falli. Eftir grein hennar varð til áhrifamikill og alþjóðlegur stuðningur við Palestínumenn á herteknu svæðunum og í kjölfarið varð afgerandi breyting á alþjóðlegu áliti á endalausum átökum í Mið-Austurlöndum. Stríðið upplýsti

heiminn um alvarleg brot Ísraels og varð BDS innblástur margra ríkja til að gagnrýna grímuna sem Ísrael setti upp sem fórnarlamb palestínkra hryðjuverkamanna. Hreyfingin hefur afhjúpað kúgunarstefnu Ísrael, meðal annars neitun á rétti flóttamanna til að snúa til baka (e. the right of return) sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ítrekað tekið fram, ofbeldi af hendi ísraelska hersins, kynþáttahyggju og eyðileggingu heimila og landareigna Palestínúmanna. BDS hreyfingin hefur sýnt fram á það að sniðganga sé raunhæf leið þar sem hún býr til hreyfingu á alþjóðlegum efnahag og skapar félagslegan og pólitískan þrýsting sem mun einangra Ísrael eins og Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar. Hreyfingin hefur þó mætt gagnrýni þar sem talið er að hún sé árangurslaus, afkastalítill, ýti undir frekari hömlur á friðarferli og styðji við and-semítisma (Bakan, abu-Laban, 2009).

Umræður um sniðgöngu Ísraels eru tiltölulegar nýjar af nálinni innan Evrópu og Norður Ameríku en svipaðar umræður áttu sér stað í Mið-Austurlöndum í upphafi Ísraelsríkis árið 1948 þar sem Arabíska bandalagið (e. The Arab League) kallaði eftir. Þrír meginþættir einkenndu árangurslausa sniðgöngu Arabíska bandalagsins. Það fyrsta: Vanhæfni til að upplýsa Vesturlönd um ástand mannréttinda Palestínúmanna eftir árið 1948. Annað: tölfræði bandalagsins vantaði sem sýndi hvernig sniðganga gæti verið árangursrík gegn nýlendustefnu og kynþáttafordómum. Þriðja: herferð um alþjóðlega stækkun sniðgöngu herferðarinnar frekar en svæðisbundinnar vantaði (Bakan, abu-Laban, 2009).

Þegar gerður er samanburður á Suður Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar og Ísrael-Palestínu ástandinu koma í ljós mikil líkindi. Einna helst er það vegna þess að Ísrael grefur undan frelsi, jöfnuði og lýðræði Palestínúmanna, eins og var markvisst gert við svart fólk í Suður-Afríku. Helsti munur á aðskilnaðarríkinu Suður-Afríku og Ísrael er að þrátt fyrir harða gagnrýni frá Sameinuðu þjóðunum hefur Ísrael ekki orðið fyrir alþjóðlegum þrýstingi til breytinga. Því má velta fyrir sér hvort að það hafi verið orsök vanhæfni Arabíska bandalagsins til að opinbera mannréttindamál Palestínúmanna fyrir Vesturlöndum, eða til að kynna sniðgöngu sem andstöðu við nýlendustefnu og kynþáttahyggju (Bakan, abu-Laban, 2009).

Múrinn sem skilur að Ísrael og herteknu svæði Palestínu hefur verið tákn aðskilnaðar síðan um aldamótin 2000. Palestínúmenn hafa þó þurft að líða fyrir misrétti frá stofnun Ísraels en einna helst eftir árið 1967 þegar vegatálmar voru settir upp á landamærunum. Á vegatálum þurfa Palestínúmenn daglega að upplifa kynþáttafordóma og niðurlægingu, og sú grafíska mynd af aðskilnaðarmúrnum er einungis hluti af raunverulegum aðskilnaði sem þeir þurfa að upplifa (Bakan, abu-Laban, 2009).

Með tilkomu alnetsins hafa samskipti orðið auðveldari út um allan heim og hefur BDS hreyfingin víða náð góðri fótfestu. Í dag er hægt að notast við tölvupósta, blogg, fréttaveitur og samskiptamiðla til að koma upplýsingum um allan heim um hin ýmsu mál sem eru að gerast í heiminum. Árið 2001 var vefsíðunni *Electronic Intifada* (<https://electronicintifada.net/>) komið á laggirnar og var hlutverk hennar að upplýsa umheiminn um ástandið á herteknum svæðum Palestínu frá sjónarhorni Palestínumanna. Sú vefsíða hefur ómælanlega aukið stuðning og vitundarvakningu við Palestínumenn og baráttu þeirra (Bakan, abu-Laban, 2009).

Umfangsmikil köllun eftir sniðgöngu og viðskiptabanni við Ísrael hófst í júlí árið 2005 sem um 170 samtök innan Palestínu stóðu fyrir. Samtökin fengu innblástur sinn frá friðsamlegum mótmælum og alþjóðlegum stuðning í Suður-Afríku og sameinaði Palestínumenn sem heild til að berjast fyrir því að þrýstingur yrði settur á Ísrael fyrir að brjóta alþjóðalög. Sú sniðganga fór fram á þrjár kröfur: stöðva hertöku og landnám á landi araba og taka niður múrinn, viðurkenna grundvallarrétt arabískra Palestínumanna sem ríkisborgara í Ísrael með jöfn réttindi, og virða og vernda rétt palestínskra flóttamanna til að snúa til baka til heimila sinna. Þessar kröfur eru grundvallarreglur mannréttinda og eru þekktar alþjóðlega. Einnig voru aðrar kröfur gerðar en þær voru að upplýsa heiminn um hertöku og aðskilnaðarstefnu Ísrael, að taka mark á mannréttindalögum með því að láta Ísrael borga fyrir glæpi sína og enda alþjóðlegan stuðning við hertöku Ísrael, þar sem að hvorugur þessa þátta getur staðið einn og sér án utanaðkomandi stuðnings (Bakan, abu-Laban, 2009).

Orðstír þessarar sniðgönguherferðar í Palestínu breiddist út um allan heim. Nemendur í háskólum í Bretlandi hófu mótmæli, sem svipaði mikið til mótmæla á 5. áratug 20. aldar þar sem þeir mótmæltu aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku, og kröfðust þess að skólarnir höfnuðu styrkjum frá Ísrael. Hampshire menntaskólinn í Massachusetts í Bandaríkjunum var fyrsta stofnunin í landinu til að hafna viðskiptum við þau fyrirtæki sem voru þátttakendur í hertöku Ísraels á Palestínu. Árið 2009 urðu vinnuaðgerðir að sögulegri samstöðu þar sem hafnarverkamenn og Suður-afríska flutninga og bandamannafélagið (e. South African Transport and Allied Workers Union) í borginni Durban, neituðu að afferma ísraelskt skip sem þeir áttu von á í höfninni. Sama ár stöðvuðust sporvagnar, lestar og neðanjarðarlestir í Noregi í kjölfar tveggja mínútna mótmæla lestarstjóra, þar sem krafa þeirra um að ísraelskir hermenn yrðu dregnir til baka af palestínsku svæðunum var lesin til allra farþega í kallkerfinu (Bakan, abu-Laban, 2009).

Árið 2008 gaf forseti Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna út yfirlýsingu sem endurspeglaði markmið BDS hreyfingarinnar um líkingu milli Ísraels og Suður-Afríku á

tímum aðskilnaðarstefnunnar, sem fræðsluefni. Þessi yfirlýsing hefur virkað til að brjóta niður þá hugmyndafræði að Ísrael sé ríki gyðinga og komið mörgum samtökum af stað í Palestínu og í Suður-Afríku í baráttu gegn aðskilnaðarstefnunni. Hreyfing spratt í kjölfar yfirlýsingarinnar sem kallast Aðskilnaðarvika Ísrael (e. Israeli Apartheid week) (Bakan, abu-Laban, 2009). Aðskilnaðarvikan var haldin á 25 stöðum út um allan heim, þar á meðal í Palestínu og í Suður-Afríku. Fleiri lönd tóku þátt í að sniðganga Ísrael, til dæmis má nefna Indónesíu þar sem kvennaliðið í tennis dró sig úr keppni í Ísrael sem stuðning við Palestínumenn, forseti Venezuela afturkallaði sendiherra Ísrael vegna stríðs við Líbanon, forseti Bólivíu sleit einnig diplómátísku sambandi við Ísrael og í Bandaríkjunum samþykkti The US Green Party sniðgöngu á Ísrael (Bakan, abu-Laban, 2009).

Þrátt fyrir að BDS hreyfingin hafi náð framúrskarandi árangri með að opna augu almennings fyrir kynþáttafordómum, aðskilnaðarstefnu og mannréttindabrotum Ísraels og á friðsamlegan hátt skorað á landnemaverkefni sionista frá Ísrael og stuðningsmönnum þess, hefur stefnan fengið bakslag. Herferð BDS fyrir Suður-Afríku blómstraði í Bandaríkjunum vegna minninga um borgararéttindahreyfinguna (e. Civil Rights Movement) og var aðskilnaðarstefnu og kynþáttafordómum harðlega mótmælt. Herferð fyrir baráttu Palestínumanna hefur ekki náð að festa rætur sínar jafn vel en fyrir hvern undirskriftarlista um sniðgöngu Ísrael hefur annar listi borist sem berst gegn fyrri listanum og fengið undirskriftir á tvöföldum hraða og fyrir hvert mótmæli gegn hertöku hefur verið haldið enn stærri mótmæli til stuðnings Ísrael og stefnu þess (Bakan, abu-Laban, 2009). Aðskilnaðarmúrinn stendur enn í dag þrátt fyrir mikil mótmæli, fordæmingu, ólögmæti og sniðgöngu, og flóttamenn hafa ekki enn fengið að snúa til baka og arabískir Palestínumenn njóta ekki sömu réttinda og gyðinga í Ísrael (Bakan, abu-Laban, 2009).

Lokaorð

We know too well that our freedom is incomplete without the freedom of the Palestinians

Nelson Mandela

Í þessari ritgerð hef ég farið í gegnum stofnun Ísraelsríkis með stuðningi Bretlands og Sionistastefnunnar. Sionistastefnan hefur verið mjög sterk frá upphafi og hefur hún átt stóran þátt í að Ísrael er til í dag en Palestínumenn hafa fengið lítinn stuðning alþjóðasamfélagsins.

Ljóst er að illa hefur verið komið að málefnum Palestínumanna og mörg mannréttindabrot hafa verið framin. Vegna þessa hafa friðarsamningar á milli Ísraels og Palestínu aldrei náð miklum árangri. Mikil barátta um landið hefur átt sér stað mjög lengi, mörg mannslíf hafa verið tekin í nafni frelsis og báðar hliðar telja sig hafa tilkall til landsins. Þrátt fyrir það er baráttan ósanngjörn vegna gríðarlegs stuðning sem Ísrael nýtur en Palestínumenn ekki og eru því Palestínumenn alltaf veikari hliðin. Þessi ritgerð er söguleg úttekt af baráttu Palestínumanna við Ísrael og þjónar hún þeim tilgangi að fólk opni augun fyrir þeim harmleik sem Palestínumenn horfast í augu við daglega. 14. maí 2018 markaði sjöunda áratuginn af baráttu fyrir frelsi Palestínu, baráttu sem hefur einkennst af ósanngirni, svikum, landráni, nýlendustefnu, aðskilnaðarstefnu og hefur kostað fleiri mannslíf en hægt er að telja. Barátta Palestínumanna við Ísrael er oft kennd við Biblíusöguna um Davíð og Golíat þar sem grjótkasti ungra Palestínumanna er mætt með skriðdrekum Ísraelsmanna sem valda umsvifameira ofbeldi en grjót í hendi ungrar manneskju. Margar ólögmætar handtökur hafa verið gerðar á Palestínumönnum og sitja margir inn í Ísraelskum fangelsum án dóms og laga. Stefna Ísraels er aðskilnaður og er unnið markvisst að því að skapa eins stórt bil á milli Ísraelsmanna og Palestínumanna og hugsast getur og á sama tíma er Palestínumönnum gefin færri atvinnutækifæri, minni réttindi og almennt verri lífsskilyrði. Þessi hugmynd kann að hljóma kunnuglega, því sama aðskilnaðarstefna var í Suður Afríku í 46 ár, eða þar til Nelson Mandela var kosinn forseti árið 1994 og lagði aðskilnaðarstefnuna af og jafnrétti varð að raunveruleika. Margir hafa velt fyrir sér þeim pælingum hvort tveggja ríkja lausn eigi sér einhverja stoð í raunveruleikanum eða hvort að Palestínumenn og Ísraelsmenn geti búið saman í sama ríkinu. Mín skoðun er sú að það er hægt að ná samkomulagi með einu ríki þar sem allir þegnar samfélagsins fái jöfn tækifæri og réttindi, en þeir sem hraktir hafa verið af svæðinu þurfa að fá að snúa til baka til þess að þeir fái einnig að eiga tækifæri á jafnrétti. Leiðtogum arabískra nágrannaríkja hefur mörgum mistekist eða jafnvel ekki reynt nógu mikið að standa fyrir málstað Palestínumanna og í kjölfar þess einkennist baráttan af hjálparleysi. Þegar upp er staðið er Ísrael að brjóta á mannréttindum Palestínumanna og að fremja glæpi samkvæmt alþjóðalögum og það er mikilvægt að Ísrael horfist í augu við glæpi sína til þess að Palestínumenn fái réttindi, land og mikilvægast af öllu, virðingu sína til baka til þess að kynslóðir framtíðarinnar upplifi frjálsa Palestínu.

Heimildaskrá

Alvarez, R. R. (1995). The Mexican – Us border: The making of an anthropology of borderlands [rafræn útgáfa]. *Annual Review of Anthropology*, 24, 447-470.

Bauman, G. (1999). *The multicultural riddle: Rethinking national, ethnic and religious identities*. London: Routledge Publisher.

Bornstein, A. (2002). Borders and the utility of violence state effect on the ‘superexploitation’ of West Bank Palestinians. *Sage Publications*, 22(2), 201-220.

Brunner, B. (leikstjóri) og El Fassed, A. (framleiðandi). (2010). The great book robbery [heimildarmynd]. Amsterdam: The 2911 Foundation.

Cohen, A. (1994). Culture, identity and the concept of boundary. *Revista de antropología social*, 3, 49-61.

Chomsky, N. (1999). (2. útgáfa). *The fateful triangle: The United States, Israel and the Palestinians*. Cambridge: South End Press.

Chomsky, N. og Pappé, I. (2010). *Gaza in crisis: Reflections on Israel’s war against the Palestinians*. Chicago: Haymarket Books.

Del Sarto, R. A. (2014). Defining borders and people in the borderlands: EU policies, Israeli prerogatives and the Palestinians. *Journal of Common Market Studies*, 52(2), 200-216.

Eden, P. (2014). The practices of Apartheid as a war crime: A critical analysis. *University of Sussex*. 17, 1-28.

Eriksen, T. H. (1994). (3. útgáfa). *Ethnicity and nationalism*. London: Pluto Press.

Gellately, R. (2008). *Lenin, Stalin, and Hitler: The age of social catastrophe*. New York: Vintage Books.

Gellner, E. (1983). *Nations and nationalism*. Hoboken: Basil Blackwell Publisher.

Kaplan, E. (2005). The national religious settlers and Zionist revisionist ideology. *Tikkun*, Sep/Oct 2005, 20(5), 29-32 og 67-68.

Kaufman, A. (2006). Between Palestine and Lebanon: Seven Shi'i villages as a case study of boundaries, identities, and conflict. *Middle East Journal*, 60(4), 685-706.

Klein, N. (2009). Israel: Boycott, divest, sanction. Sótt 28. apríl. 2018 af <http://www.naomiklein.org/articles/2009/01/israel-boycott-divest-sanction>.

Lamont, M , Molnár, V. (2002). The study of boundaries in the social sciences. *Annual Review of Sociology*, 28, 167-195.

Maryl, D, Quinn, S. (2016). Defining the state from within: Boundaries, schemas, and associated policymaking. *Sociological Theory*, 34(1), 1-26.

Nassar, T. (2018). Israel sentences Ahed Tamimi to eight months in prison. Sótt 28. apríl af <https://electronicintifada.net/blogs/tamara-nassar/israel-sentences-ahed-tamimi-eight-months-prison>.

Penrose, J. (2002). Nations, states and homelands: territory and territoriality in nationalist thought. *Nations and Nationalism*, 8(3), 277-297.

Posner, M. (2017). The Declaration. *Queen's Quarterly*, 124(1), 7-21

Ross, D.T. (2005). Towards an anthropology of 'the Wall': The cases of Berlin, and Israel and Palestine. Útgáfustaður: Forlag.

Sa'di, A. (2002). Catastrophe, memory and identity: Al-Nakbah as a component of Palestinian identity. *Israel Studies*, 7(2), 175-197.

Seidenberg, D. (2017). "A Nation without borders" - How the occupation unwinds Israel. Sótt 26. Apríl. 2018 af <http://blogs.timesofisrael.com/a-nation-without-borders-how-the-occupation-unwinds-israel/>.

United Nations Charter, art 2, (4), 1954.

Usher, G. (2005). Unmaking Palestine: On Israel, the Palestinians and the wall. *University of California Press*. XXXV(1), 25-43.

Walker, C. (1978). A nation is a nation, is a state, is an ethnic group is a *Ethnic and Racial Studies*, 8(4), 300-310.

Walker, C. (2004). The timelessness of nations. *Nations and Nationalism*, 10(1/2), 35-46.

Yiftachel, O. (2005). Neither two states nor one. *The Arab World Geographer/Le Géographe du monde arabe*, 8(3), 125-129.